

Rangárþing eystra  
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík, 6. nóvember 2019  
UST201911-003/A.B.  
10.04.00

**Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024 og deiliskipulagi fyrir Lambalæk**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 31. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu á breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012 - 2024 og deiliskipulagi fyrir Lambalæk.

Í greinargerð kemur fram að breytingin gengur út á að rúmlega 25 ha af frístundasvæði verður breytt í íbúðarbyggð og það sameinað íbúðarsvæði ÍB-366. Þar verður gert ráð fyrir allt að 18 íbúðarhúsum. Í deiliskipulagsbreytingunni verður gerð grein fyrir lóðum, aðkomuvegum, byggingarreitum og byggingum.

Þar sem skipulagstillagan tekur til íbúðarsvæðis utan þéttbýlisstaða sveitarfélagsins þá telur stofnunin mikilvægt að það komi fram í tillöggunni hvernig hún samrýmist kafla 2.1.1 í Landskipulagsstefnu þar sem fjallað er um sjálfbæra byggð í skipulagsáætlunum, en þar segir: „*Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði miðað að því að styðja og styrkja samfélag viðkomandi byggðarlags með því að beina vexti að þeim kjörnum sem fyrir eru. Í dreifbýli tengist fjölgun íbúða fremur búrekstri eða annarri staðbundinni landnýtingu eða atvinnustarfsemi.*“

**Bakkagróður**

Kvoslækjará liggar í gegnum sameinað íbúðarsvæði ÍB-366. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.

Virðingarfyllst



Axel Benediktsson  
sérfræðingur



Björn Stefánsson  
sérfræðingur